

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

STARFSLEYFI

Sjótækni ehf
Hafnarskemman, 460 Tálknafjörður
111261-7419

Til að starfrækja *upptöku sæstrengja*

Heimilisfang:
Hafnarskemma
460 Tálknafjörður

Nafn rekstraraðila: Kjartan J Hauksson

Kennitala rekstraraðila: 111261-7419

Útgáfudagur: 26. febrúar 2018 Gildir til: 26. febrúar 2030

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, og laga nr. 61/2013 um eiturefni og hættuleg efni eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnu að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfis-skilyrðum:
Almenn starfsleyfis-skilyrði fyrir mengandi starfsemi
Sértæk skilyrði fyrir starfsemina

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfis-skilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Bolungarvík, 4. apríl 2018



HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, , 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Bolungarvík 04.04 2018

Sjótækni
Hafnarskemma
460 Tálknafjörður

Starfsleyfi fyrir upptöku sækapla

Á fundi sínum þann 26. febrúar 2018 fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Sjótækni ehf fyrir færanlega starfsemi við upptöku á sjóköplum. Starfsleyfið gildir til 26. febrúar 2030. Í samræmi við gjaldskrá fyrir matvæla- heilbrigðis- og mengunareftirlit á starfsvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða frá 25. apríl 2017 nr. 388 er árlegt eftirlitsgjald kr 24.150 miðað við eftirlitsheimsókn annað hvert ár.

Starfsleyfisgjald er kr 28.428 Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. Leyfið tekur til reksturs færanlegrar upptöku búnaðar sbr. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum,

Samkvæmt 66. grein laga nr 7/1998 má kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis til fullnaðarúrskurðar umhverfissráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs *færanlegs upptökubúnaðar fyrir sæstrengi, upptaka, innsíglun strengja og undirbúningur fyrir flutning af staðnum ásamt tilheyrandi fylgibúnaði Ekki er gert ráð fyrir geymslu eða endurvinnslu strengja á hverjum stað.

Í hvert sinn sem starfseminni er fundinn ný staðsetning þarf rekstaraðili að hafa áður samráð við viðkomandi heilbrigðiseftirlit. Kynna efni starfsleyfis og afla álits á hugsanlegri staðsetninnu.

*Færanleg starfsemi er starfsemi sem elis síns vegna er færanleg milli staða. Í starfseminni er notast við hreyfanlegan búnað til að vinna tímabundið verk á hverjum stað sem tengist ekki veitukerjum á staðnum. Um er að ræða starfsemi sem ekki er gert ráð fyrir á skipulagi eða þarf byggjarleyfi sbr. Skilgr í 3. gr. Laga nr. 7/1998